

Alþingi  
Erindi nr. P 128/1038  
komudagur 18.2.2003



Nefndarsvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

Í Ólafsfirði 13. febrúar 2003.


**Umsögn bæjarráðs Ólafsfjarðarbæjar vegna frumvarps til laga um breytingar á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991, með síðari breytingum. Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002-2003. Mál 422.**

Á fundi bæjarráðs Ólafsfjarðarbæjar þann 13. febrúar var frumvarp til laga um vatnsveitur sveitarfélaga kynnt og rætt. Umsögn bæjarráðs er svo hljóðandi:

“Bæjarráð Ólafsfjarðar telur nauðsynlegt að breyta gildandi lögum um vatnsveitur með það að markmiði að sveitarstjórnir geti aðlagð stjórn þeirra og rekstur í samræmi við breyttar aðstæður. Í því sambandi er sérstaklega horft til breytinga á rekstrarformum og rekstrarumhverfi annarra stofnana í eigu sveitarfélaga. Að mati bæjarráðs er það jákvætt að binda heimild framsals einkaréttar sveitarfélaga á vatnsveitum til stofnana eða fyrirtækja sem að meiri hluta eru í eigu sveitarfélags eða ríkisins, að hægt sé að binda slíkt framsal ákveðnum skilyrðum og til tilgreinds tíma (sbr. 2. gr.).

Bæjarráð Ólafsfjarðar gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins og sér ekkert því til fyrirstöðu að samþykkja það eins og það er með þeim fyrirvara að ákvæðum 2. gr. verði ekki breytt.”

F.h. bæjarráðs Ólafsfjarðar

  
Stefanía Traustadóttir  
bæjarstjóri